

## LV um eftirlitsskýrslur

Í 54. gr. laga nr. 7/1998 og reglugerð 550/2018 er kveðið á um að eftirlitsaðili skuli taka saman skýrslu eftir hverja vettvangsheimsókn. Í 55. gr. laganna er ákvæði um að eftirlitsaðili skuli hafa eftirlit með atvinnurekstri, sbr. viðauka [I–IV],<sup>3)</sup> til að tryggja að farið sé að skilyrðum fyrir viðkomandi starfsemi.

### Innihald eftirlitsskýrslna

Í skýrslunni skal koma fram lýsing á því sem fram kom og skiptir máli varðandi það hvort starfsemin sé í samræmi við starfsleyfisskilyrðin og niðurstöður um hvort frekari aðgerðir eru nauðsynlegar. Hafa skal í huga að hafa eftirlitsskýrslur hnitmiðaðar og að frávik séu vel skilgreind í eftirlitsskýrslunni. Leiðbeinandi viðmið um sniðmát fyrir eftirlitsskýrslur er aftast í þessu skjali.

Ljósmyndir skulu almennt ekki birtar í eftirlitsskýrslum og almennt skal hugað að XX gr. upplýsingalaga varðandi atriði sem varða einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt eða eðlilegt er að leynt fari nema sá samþykki sem í hlut á. Sömu leiðis varðandi gögn er varða fjárhags- og viðskiptalega hagsmunum sbr. 9. gr. upplýsingalaga.

### Skráning frávika og ábendinga

**Frávik** eru skráð ef um er að ræða skýr brot á ákvæðum starfsleyfis eða laga og reglugerða sem um starfsemina gilda. Um er að ræða frávik sem fylgt er sérstaklega eftir, við eftirfylgni. Í 55. gr. laga nr. 7/1998 er tilgreint að ef frávik verða skuli eftirlitsaðili krefja rekstraraðila um að gera hverjar þær viðeigandi viðbótarráðstafanir sem eftirlitsaðilinn telur nauðsynlegar til að koma reglufylgni á aftur.

**Ábending** er skráð ef ekki er skýrt að um frávik sé að ræða en um er að ræða ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis.

### Andmælaréttur eftirlitsþega

Skýrsludrög skulu send rekstraraðila og honum veittur frestur til athugasemda áður en þau eru gefin út opinberlega.

Ef fram koma frávik og ekki hefur verið bætt úr þeim þegar eftirlitsskýrsla er gefin út skal rekstraraðila veittur frestur til að bregðast við innan ákveðins tímaramma. Æskilegt er að slíkur frestur sé tilgreindur í eftirlitsskýrslu eða fylgibréfi með eftirlitsskýrslunni. Ef ekki er brugðist við innan þess tímaramma fer málið í lögformlegan eftirfylgniferil sbr. leiðbeinandi viðmið um eftirfylgni eftirlits.

# Eftirlitsskýrsla

[Nafn eftirlitspega]

**Dagsetning vettvangsferðar:** Eftirlitsmaður:  
**Fyrirtæki:** Starfsleyfi gildir til:  
**Heimilisfang:** Tegund eftirlits:  
**Kennitala:** Starfsemi:  
**Fulltrúar fyrirtækis:** Isat nr.:  
Staðsetning (hnit):

## Niðurstaða eftirlits:

[Fjöldi frávíka og ábendinga og staða úrbóta vegna eldri frávíka]

## Umfang eftirlits:

[Lýsing á því sem fram fór í eftirlitinu]

## Frávik:<sup>1</sup>

Frávik 1	[Frávik frá XX gr. í ...]	[Lýsing á frávíki]
Frávik 2	[Frávik frá XX gr. í ...]	[Lýsing á frávíki]

## Ábendingar:<sup>2</sup>

Ábending 1	[Lýsing á ábendingu]
Ábending 2	[Lýsing á ábendingu]

## Önnur atriði:

[Atriði sem eiga við starfsemina en ekki hluti af dagskrá eftirlitsins]

<sup>1</sup> Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

<sup>2</sup> Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist sem frávik.

[dd/mm/yyyy]

[Undirskrift eftirlitsmanns]

Nafn eftirlitsþega  
Heimilisfang

staður, dags

**Efni: Reglubundið eftirlit, dd.mm. 2020, hjá xxxxxxxx.**

Þann d. mánuður sl. fór fram eftirlit í xxxxxxxxxx, staðsetning. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ef við á:

Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun varðandi eldra frávik og verður því lokið þann dd.mm.ár.

**Engin ábending var gerð í eftirlitinu en þrjú frávik komu fram er varða:**

1. Gr. x.x í starfsleyfi. Lýsing fráviks eins og það kemur fram á eftirlitsskýrslu
2. Gr. x.x í starfsleyfi. Lýsing fráviks eins og það kemur fram á eftirlitsskýrslu
3. Gr. x.x í starfsleyfi. Lýsing fráviks eins og það kemur fram á eftirlitsskýrslu

**[Umhverfisstofnun/Heilbrigðiseftirlit X] óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en d. mánuður, 2020.**

Virðingarfyllst

undirskrift eftirlitsmanns